

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í poka dragnótar skal vera 170 mm. Ávallt skulu a. m. k. öftustu 5 metrar dragnótarinnar vera úr 170 mm riðli.

Lágmarksmöskvastærð í öðrum hlutum dragnótar, en í 1. mgr. greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólöglegt að festa undir poka dragnótar segldúk, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti, þó þannig, að þessir slitvarar eða hlífar séu aðeins festar að framan og á hliðunum við pokann.

3. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksstærð (sbr. 1. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

4. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

5. gr.

Með mál, sem rís út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfi til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 278 9. september 1974 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

B 23